

UT-torg: Menntabúðir vor 2016

Á vormisseri 2016 verða haldnar fernar Menntabúðir um UT í námi og kennslu. Fara þær fram í stofu **H-207** í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð, **kl. 16:15-18:15**. [Sjá Smore auglýsinguna](#).

Menntabúðir (e. EduCamp) er nýstárleg aðferð til **starfsþróunar** sem við höfum aðlagð að okkar aðstæðum og haldið **undanfarin 3 ár**. Aðferðin byggir á **óformlegri jafningjafræðslu** sem stuðlar að aukinni umræðu á milli skólastiga sem og **eflingu tengslanets kennara**. Þátttakendur miðla af eigin reynslu og þekkingu og afla sér fróðleiks frá öðrum. Menntabúðir eru ætlaðar starfandi **kennurum á öllum skólastigum og kennaranemum**.

Umfjöllunarefnið er opið, þátttakendur geta komið með uppástungur en [...read more](#)

#Eymennt – Menntabúðir



Nokkrir skólar á Eyjafjarðarsvæðinu hafa verið að mynda með sér lærdómssamfélag um notkun upplýsinga- og samskiptatækni (UST) í skólastarfi. Samstarfið spratt út frá námskeiðinu Samspil 2015 þar sem fulltrúar skóla af öllum skólastigum hittast og læra saman á tæknina. Fjórir skólar í Eyjafirði ákváðu að halda því samstarfi áfram.

Ákveðið var að efna til menntabúða í Brekkuskóla á Akureyri

þar sem hugmyndin var forprófuð en síðan sótti hópurinn um styrk úr [endurmenntunarsjóði](#) til að halda verkefninu áfram.

Þegar hafa verið haldnar fjórar menntabúðir og öðrum skólum í nágrenninu boðin þátttaka. Til að byrja með mættu 20-30 kennarar en fjöldinn hefur [...read more](#)

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn 9. febrúar 2016

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn 2016 verður haldinn hátíðlegur þriðjudaginn 9. febrúar kl. 13-16 í salarkynnum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Bratta.



[Dagskráin er á vef Heimilis og skóla | Landssamtaka foreldra.](#)

[Skráning fer fram á vefsíðu hátíðarinnar á Fésbók \(smellið hér\).](#)

Forritunarkeppni grunnskólanna

Kennarar og nemendur Tækniskólans standa að baki Forritunarkeppni grunnskólanna

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, mun halda **Forritunarkeppni grunnskólanna 1.-2. apríl næstkomandi**. Hugmyndin af keppninni er sprottin frá kennurum á tölvubraut og koma þeir að framkvæmd keppinnar með aðstoð, bæði fyrrum og núverandi, nemenda við skólann. Þess má til gamans geta að nemandi á tölvubraut hannaði og forritaði heimasíðuna og nemandi í grafískri miðlun hannaði logo keppinnar.

Forritunarkeppnin er **opin öllum grunnskólanemendum** sem hafa áhuga á forritun. Markmið keppinnar er að **kynna** fyrir grunnskólanemendum **forritun** og að grunnskólanemendur komi saman og leysi skemmtileg verkefni. **Í keppninni mega nemendur vinna í 2.-3. manna hópum ef þeir [...read more](#)**

Tungumálatorg: Áhugaverðar greinar í Málfríði

Tungumálatorg: KLAKI 1 –

gagnagrunnur og orðalisti